

Kennari: Ólöf Ösp Halldórsdóttir og Teresa Birna Björnsdóttir

Tímafjöldi: 7

Kennslufyrirkomulag: Kennsla inni í bekk.

Bekkur: 5. bekkur

## Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er undirstaða alls náms og öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar. Jafnframt er tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Skólinn verður í upphafi skólagöngu virkur þátttakandi í máluppeldi barna ásamt heimili þeirra.

Mikilvægt er að grunnskólanám í íslensku sé heildstætt. Það er hlutverk íslenskukennara að stuðla að því að nemendur öðlist þekkingu á tungumálinu og leikni í að nota það við sem fjölbreytilegastar aðstæður. Leitast er við að vekja áhuga nemenda á tungumálinu, að þeir þekki helstu hugtök þess og hlutverk í málinu og fái æfingu í að beita þeim. Lögð er áhersla á lestur og læsi, þar sem nemendur þjálfast í að leita sér upplýsinga úr margvíslegum miðlum, ásamt því að efla áhuga á bókmenntum og lestri. Lögð er áhersla á góðar skriftarvenjur, skipulag og úrvinnslu. Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að láta reyna á mál sitt við að leysa viðfangsefni og tjá hugsun sína og skoðanir við sem flest tækifæri en gott vald á munnlegri tjáningu nýtist í öllum námsgreinum. Vekja þarf athygli þeirra á einkennum málsins, töfrum þess og mætti. Skólastofan á að vera vettvangur umræðu, samskipta af ýmsu tagi, lestrar og ritunar þar sem mikilvæg og áhugaverð verkefni eru krufin.

Hæfniviðmiðum íslensku er skipt í fjóra flokka, talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Þessir flokkar eru samofin heild þar sem hver flokkur getur haft gagn af öðrum og mikilvægt að hafa það í huga í kennslu.

## Hugtök

Lestur/bókmenntir	Málfræði	Stafsetning	Ritun
Lesskilningur	Orðflokkagreining	Stór og líttill stafur	Punktur
Leshraði	Nafnorð	Ng/nk reglan	Komma
Orðaforði	Lýsingarorð	-n/-nn reglan	Upphaf
Boðskapur	Sagnorð	Tvöfaldur samhljóði	Meginmál
Líkingar	Sérnöfn/samnöfn		Endir
Myndmál	Samheiti/andheiti		Setningar
Rím	Greinir		Málgreinar
Ljóðstafir	Kyn		Forsíða/baksíða
Ljóðlína	Fall		Persónulýsingar
Ljóð	Eintala/Fleirtala		Mismunandi málsnið
Þulur	Nútíð/þátíð		
Vísur	Nafnháttur		
Ævintýri	Orðtök		
Þjóðsögur	Málshættir		
Myndasögur	Stafrófsröð		
Blaðagreinar	Margræðni orða		

# Íslenska

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur geti:</i>	Leiðir:
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Mál til komið</li> <li>- Málrækt</li> <li>- Orðspor 1, lesbók/vinnubók</li> <li>- Lesrún valið efni</li> <li>- Skinna valið efni</li> <li>- Skrift 3</li> <li>- Lestrarbækur/ sögubækur</li> <li>- Ljóð</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- tjáð eigin skoðanir og tilfinningar</li> <li>- lesið skýrt og áheyrilega</li> <li>- skilji gildi góðrar framsagnar</li> <li>- nýtt sér greinarmerki við upplestur</li> <li>- lesið og sungið texta af ýmsum gerðum</li> <li>- hlustað af athygli og taki þátt í samræðum</li> <li>- komið fram fyrir framan hóp</li> <li>- farið eftir samskiptareglum, hlusti, taki þátt í umræðum og sýni kurteisi</li> <li>- hlustað á og farið eftir munnlegum fyrirmælum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Innlögn</li> <li>- Útlistunarkennsla</li> <li>- Lesið, spurt og spjallað</li> <li>- Þjálfunaræfingar</li> <li>- Þrautalausnir</li> <li>- Hóþavinna</li> <li>- Paravinna</li> <li>- Umræðu- og spurnaraðferðir</li> </ul>
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Ítarefni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- lesið sér til ánægju og fróðleiks</li> <li>- lesið texta við hæfi með góðum hraða og skilningi</li> <li>- nýtt orðaforða sinn til að auka les- og málskilning</li> <li>- greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð</li> <li>- lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum</li> <li>- lesið vísur, ljóð og þulur</li> <li>- þekkt einföld hugtök í bragfræði eins og rím, ljóðstafi og ljóðlínu</li> <li>- lesið fjölbreyttar frásagnir eins og þjóðsögur, ævintýri, blaðagreinar o.s.fl.</li> <li>- greint boðskap bókmennta</li> <li>- spáð fyrir um framhald texta (forspá)</li> <li>- geti lagt mat á trúverðuleika upplýsinga</li> <li>- aflað sér upplýsinga úr ýmsum gagnabrunnum á gagnrýnin hátt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Skapandi vinna</li> <li>- Hringekja</li> <li>- Sjálfsmat</li> </ul>
Ritun		<ul style="list-style-type: none"> <li>- dregið rétt til stafs</li> <li>- skrifað skýrt, læsilega og af öryggi</li> <li>- beitt grundvallarreglum í stafsetningu og ritun</li> <li>- samið og skrifað texta s.s. sögu, ljóð og skilaboð</li> <li>- nýtt sér hugtökin upphaf, meginmál og niðurlag</li> <li>- skrifað frásagnir á blað sem og í tölvu</li> <li>- endursagt texta</li> <li>- skipulagt skrif sín (uppsetning og frágangur texta)</li> </ul>	
Málfræði		<ul style="list-style-type: none"> <li>- beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum bæði í ræðu og riti</li> <li>- beitt þekkingu sinni í vinnu með orðflokka</li> <li>- leikið sér með orð og merkingu þeirra, t.d. í gegnum rím og orðaleiki</li> <li>- nýtt sér orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og noti þau í ræðu og riti</li> </ul>	
Námsmat	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Lesfimiþróf eru þrisvar sinnum yfir veturinn og lesskilningskönnunin Orðarún er lögð fyrir tvisvar yfir árið. Stafsetningarkönnun verður lögð fyrir einu sinni. Orðalykill – orðaforðapróf lagt fyrir einu sinni yfir árið. <i>Viðmið í lestri:</i> Miðað er við að nemendur nái að lesa 140 orð á mínútu við lok 5. bekkjar.</p>		

